

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, fimmtudaginn 18. ágúst var haldinn 120. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Borgum í Grafarvogi og hófst kl. 16:45. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir, Gísli Rafn Guðmundsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina og Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, samtaka eldri borgara í Grafarvogi og Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Oddrún Helga Oddsdóttir, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Guðmundur B. Friðriksson og Eygerður Margrétardóttir, umhverfis- og skipulagssviði mættu á fundinn undir lið 1.

Petta gerðist:

- Oddrún Helga Oddsdóttir mætti á fundinn kl. 16:45
- Guðmundur B. Friðriksson og Eygerður Margrétardóttir mættu á fundinn kl. 17:15

1. Bréf vegna úthlutunar lóðar fyrir endurvinnslustöð lagt fyrir að nýju.

Hverfiráð Grafarvogs bókar:

Hverfisráð Grafarvogs hafnar alfarið þeim hugmyndum sem fyrir liggja um staðsetningu endurvinnslustöðvar fyrir Grafarvog. Móttökustöð við Lambhagaveg 14 þjónar Grafarvogi síst betur en móttökustöð við Sævarhöfða. Í samræmi við stefnu borgarinnar um nærþjónustu er ekki ásættanlegt að Grafarvogsbúar þurfi að fara langt úr fyrir hverfið með úrgang frá heimilum sínum. Það veldur óþarfa mengun og umferð. Hverfisráð fer fram á að móttökustöð fyrir 20.000 manna Grafarvogshverfi verði sett upp í nágrenni sorpvinnslustöðvar Sorpu í Gufunesi. Hverfisráð Grafarvogs tekur ekki afstöðu til endurvinnslustöðva fyrir önnur hverfi borgarinnar.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallavina bóka:

Best er fyrir Grafarvogsbúa að móttökustöð fyrir sorp sé staðsett við Sorpu, vinnslustöðinni í Gufunesi. Hugmyndir að staðsetningu við Korpu og mögulegri tenginu við Hallsveg stóreykur umferð í gegnum hverfið og mótmælir áheyrnarfulltrúi algjörlega þeirri hugmynd að staðsetningu

- Oddrún Helga Oddsdóttir fór af fundi kl. 16:50.
 - Guðmundur B. Friðriksson og Eygerður Margrétardóttir fóru af fundi kl. 17:35.
2. Lögð fram útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa varðandi athugasemdir við deiliskipulagshugmyndir við Gylfaflöt 2-4, 6-8, 10-12 og 14.
 3. Lögð fram skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar. Frestað.
 4. Lagðar fram tillögur Stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um breytt fyrirkomulag hverfisráða. Frestað
 5. Framsókn og flugvallavinir leggja fram tillögu.

Hverfisráð Grafarvogs hvetur Skóla- og frístundasvið sem ber ábyrgð á málaflokkinum „frístundastrætó“ að styðja við og tryggja að settar verði upp ferðir „Frístundastrætó“ milli allra skóla og íþróttamannvirkja hverfisins. Hverfisráð hvetur skóla og frístundasvið að verða við þeirri beiðni strax þannig að á fyrstu vikum nú í september verði orðin virkur „Frístundastrætó“ í Grafarvogi. Minnir hverfisráð Skóla- og frístundasvið á að í Grafarvogi eru 20% barna og unglinga

Reykjavíkurborgar og er hverfið eina hverfið sem ekki er með virkan „Frístundastrætó.“

Frestað.

6. Framsókn og flugvallarvinir leggja fram fyrirspurn.

Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum um hvaða upphæðir Skóla- og frístundasvið og Reykjavíkurborg í heild veitti árið 2014 og 2015 til þess að reka „Frístundastrætó“ í hverfum borgarinnar þ.e. sundurliðað á vert hverfi fyrir sig. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hversu mikinn kostnað Skóla- og frístundasvið áætlað það kosti að reka „Frístundastrætó“ í Grafarvogi og hvaða upphæðir Skóla- og frístundasvið hefur áður boðið að setja í málaflokkinn þennan fyrir Grafarvogshverfið.

7. Framsókn og flugvallarvinir leggja fram fyrirspurn.

Óskað er eftir að Umhverfis- og skipulagssvið geri sem fyrst úttekt á hvar nauðsynlegt sé að verða strax við og endurmála leiktæki við leikskóla í Grafarvogi og gefi hverfisráði Grafarvogs skýrslu um hjá hvað mörgum þeirra þurfi að mála leiktæki þ.e. klifurkastala, rólur, vegasöltum og örðum leiktækjum. Vill fulltrúi strax benda á að mikil þörf er á að mála t.d. leiktæki við leikskólann Laufskála og að einhverju leiti við leikskólann Fífuborg.

8. Hverfisráð Grafarvogs leggur fram eftirfarandi fyrirspurn.

Óskað er eftir stöðu á ástandi leik- og grunnskólalóða í Grafarvogi. Hvaða framkvæmdir hafa verið síðustu ár og hvaða framkvæmdir eru mest aðkallandi næstu misseri.

Fundi slitið kl. 18.10

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Gísli Rafn Guðmundsson

Elísabet Gísladóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir